



## Tálknafjarðarhreppur

# Minnisblað

**Dreifing:** Fannar Gíslason og Kjartan Elíasson hjá Vegagerðinni.

**Frá:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps.

**Afrit:** Atvinnu- og hafnarnefnd Tálknafjarðarhrepps.

**Dags.** 10.03.2021.

**Varðar:** **Framkvæmdir við Tálknafjarðarhöfn.**

---

Í samgönguáætlun 2020-2024 er gert ráð fyrir fjárframlagi upp á kr. 40.000.000,- til þekju á hafskipabryggju í Tálknafjarðarhöfn.

Mánudaginn 07.12.2020 hittust ÓÞÓ og FG á fjarfundi og fóru yfir málið. Í stutt máli varð niðurstaðan af því samtali að greina þyrfti stöðuna betur og stilla upp tillögum að framkvæmdum í framhaldi af slíkri vinnu sem færi fram á fyrstu mánuðum ársins 2020. Tekið yrði mið af þeirri vinnu í endurkoðun átælnar á árinu 2021.

Þriðjudaginn 02.03.2021 var svo haldinn annar fundur þar sem ÓÞÓ, FG og KE fóru yfir málið að nýju. Í framhaldi af þeim fundi kom KE í vettvangsferð til Tálknafjarðar þriðjudaginn 09.03.2021 til að skoða aðstæður í höfninni og funda með ÓÞÓ og Karli Á. Gunnarssyni hafnarverði.

Næstu skref eru þessi:

- ÓÞÓ mun taka saman fyrirliggjandi upplýsingar hjá Tálknafjarðarhreppi sem nýst geta við greiningarvinnu og uppstillingu tillagna og senda til KE og FG.
- ÓÞÓ mun hafa samband við þá aðila sem nýta Tálknafjarðarhöfn mest til að fá upplýsingar um núverandi þörf eftir þjónustu og hvernig þær þarfir gætu breyst á næstu árum.
- Kom fram að starfskraftar KE næstu vikur verða bundnir við verkefni í öðrum höfnum þar sem framkvæmdir eru á dagskrá sumarið 2021. Þegar sá skafl er frá verður hins færi til þess að fara að skoða málefni Tálknafjarðarhafnar krafti, sem ætti að gerast þegar líður nær sumrinu 2021.

- Á fundi og í vettvangsferð 09.03.2021 kom berlega í ljós að ekki er hægt að bíða framkvæmdir sem snúa að endurhönnun og endurbyggingu rafmagns á ytri bryggju. Þess vegna mun KE setja í forgang að fara yfir málið með FG við fyrsta tækifæri með það að sjónarmiði að hægt sé að setja það verkefni í gang sem allra fyrst. Hönnuður á vegum Verkís og rafverktaki á Tálknafirði eru tilbúnir að fara í verkið um leið og gefið verður grænt ljós á það.

Vinna þarf í ofangreindum atriðum og rétt að staðan verði tekin aftur á verkefninu fljótlega eftir páska. Ó.Þ.Ó. mun boða fund vegna þess. Það er þó ekki hægt að bíða svo lengi með þau atriði sem snúa að rafmagninu, sbr. það sem kemur fram hér að ofan, og aðilar munu þurfa að vera nánar í sambandi vegna þess á allra næstu dögum.

Ó.Þ.Ó.